

**Nd.**

**86. Frumvarp**

til laga um kaup á eimskipi til vöruflutninga milli Íslands og útlanda.

Frá samgöngumálanefndinni.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa eimskip frá 1500 til 2000 smálestir að stærð til vöruflutninga milli Íslands og útlanda, og taka lán í því skyni, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Öll útgjöld til útgerðar skipsins skal veita í fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landssjóð.

3. gr.

Landsstjórnin ræður farstjórn skipsins, og annast farstjórnin ráðningu yfirmanna þess og útvegar afgreiðslumenn á þeim höfnum, er skipið kemur á.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður farmgjöld eftir tillögum farstjórnar.

5. gr.

Farstjórnin skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins og rita hann í bók, er landsstjórnin löggildir til þess. Fyrir

marsmánaðarlok ár hvert skal farstjórnin hafa sent landsstjórninni nákvæman reikning, með fylgiskjölum, fyrir næstliðið almanaksár, og sýni hann glögglega allan fjárhag skipsútgerðarinnar. Reikningur þessi skal endurskoðaður á skrifstofu þeirri í stjórnarráðinu, er samgöngumálin heyra undir. Úrskurðar landsstjórnin reikninginn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

#### Ástæður.

Þar sem velferð landsins er undir því komin, að nægur skipakostur sje til á þessum ófriðartímum, til þess að flytja lífsnauðsynjar til landsins og koma afurðum þess til útlanda, en vanhöld á skipum óvenju-mikil, þá þykir sjálfsagt að veita stjórninni heimild til þess að kaupa vöruflutningaskip, er hæft sje til Ameríkuferða.

---

Fjarveitinganefnd Nd. hafði í dag frumvarp þetta frá samgöngumálanefnd til athugunar og samþykki í e. hlj. að mæla með því.

Alþingi, 6. jan. 1917.

Gisli Sveinsson,  
skrifari nefndarinnar.